


# INNKASTIÐ

KEFLAVÍK

FYLKIR

**Fimmtudaginn 20. maí, kl: 19:15**
**Njarðtaksvellinum í Njarðvík**

SPARISJÓÐURINN

nettó



# Nýr stjóri í brúnni

**Willum Þór Þórsson ætti að vera knattspyrnu-áhugamönnum kunnugur en hann er búinn að vera í bransanum í langan tíma. Hann hefur náð góðum árangri undanfarin ár sem þjálfari og það er því mikið gleðiefni að fá hann til liðs við okkur. En Innkastið átti létt spjall við nýja þjálfarann nýlega og er óhætt að segja að hann er mjög bjartsýnn á sumarið.**

**Eftir að hafa þjálfað hjá öðrum klúbbum sem eru í efstu deild, hvernig telur þú Keflavík standa samanborið við þá varðandi umgjörð og aðstæður?**

*Allar aðstæður og umgjörð er til fyrirmyndar. Forystan er öflug og mjög áhugasöm og umhugað um að vinna vel fyrir liðið sitt, sem er grundvallaratriði. Þá er mjög góð samvinna bæjar og félags og stuðningurinn við félagið í bænum er þéttur og stuðningsmannahópurinn og Puma-sveitin setja mikinn svip á liðið og umgjörð leikjanna. Liðið á bakvið liðið er einkar öflugt og samhent; auk okkar þjálfaranna Þórs, Raijko og Bjögga er liðsstjórnin í höndum Jóns Örvars og Dóa og þeir sinna því af mikilli alúð. Falur sjúkraþjálfari er með bestu fagmönnum sem völ er á en hann og Ásdís Þorgilsdóttir, sem hefur aðstoðað okkur við styrktar- og kraftþjálfun sinna mikilvægu hlutverki varðandi líkamlega uppbyggingu og meiðslaforvörn. Þá hefur Sigurður Hallvarðsson, vinur minn, liðsinnt okkur í vetur. Ég get því fullyrt að umgjörðin er sú besta sem gerist hér á landi og þótt víðar væri leitað. Það má þó aldrei gleyma því að þetta er vinna þar sem aldrei má slaka á kröfunum, er á ábyrgð okkar allra sem komum að félaginu og er grundvallarforsenda árangurs.*

**Mun það hafa áhrif á hópinn að þurfa spila á Njarðvíkurvelli til að byrja með?**

*Það er auðvitað tilhlökkun fólgin í því að vígja Keflavíkurvöll. Njarðvíkurvöllur verður þangað til okkar heimavígi og með samstilltu átaki liðs og stuðningsmanna og réttu hugarfari gerum við hann að okkar gryfju, erfiðan útivöll fyrir okkar andstæðinga*

**Ef litið er á yngri leikmenn sem eru nú þegar farnir að banka á dyrnar á meistarflokk og þá sem koma til með gera það á næstu árum, er framtíðin þokkalega björt hjá Keflvíkingum hvað það varðar?**

*Við eigum hóp af gríðarlega efnilegum leikmönnum, flestir á fyrsta aldursári í öðrum flokki. Við sem höldum á málum mfl. höfum átt einkar góða samvinnu í vetur við Zoran og Hauk og náð að virkja 14 pilta í leikjum mfl. í vetur. Í 2fl. eru Zoran og Haukur að vinna gríðarlega gott starf. Þá verður að minnast á markmannsþjálfunina en Raijko er að vinna feykilega vel með markvörðum félagsins og við eigum að leggja mikla vinnu og metnað í þennan þátt. Ég verð því illa svikinn ef þessir strákar láta ekki að sér kveða á komandi árum. Ef við náum á næstu árum að tengja eldri kynslóð leikmanna, sem er samstilltur hópur gæðaleikmanna, og þessa yngri þá verður Keflavíkurliðið gríðarlega öflugt og ógnarsterkt á komandi misserum.*

**Þegar þú varst ráðinn í þetta starf sagðir þú í viðtali við mbl.is að þú gjörþekktir liðið. Hefur ekkert komið þér á óvart við nánari kynni af peyjunum. Er enginn af þessum strákum búinn að gera þig kjaftstopp?**

*Ég hef undanfarin ár þurft að kljást við Keflavíkur liðið og því leikgreint það í þaula og reynt það að þar eru á ferðinni öflugir fótboltamenn. Fótboltahliðina gjöþekkti ég. Nú hef ég í vetur, þegar maður fer að vinna með þeim út á velli hvern dag og í leikjum kynnst persónuleika þeirra og það hefur ekki komið mér á óvart nei að á ferðinni eru sterkir persónuleikar, bardagamenn og húmoristar miklir. Samvinna okkar veitir mér mikla ánægju og húmorinn er aldrei langt undan, kjaftstopp hvern dag en það bjargar mér að þjálfarinn hefur alltaf síðasta orðið.*

Við bjóðum Willum Þór velkominn til starfa hjá Keflavík og óskum honum alls hins besta í baráttunni.

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is
Coca-Cola
PUMA
HS VEITUR

SKYNDI Barinn

KEFLAVÍK

1 Ómar Jóhannsson
2 Alen Sutej
3 Guðjón Árni Antoníusson
4 Haraldur Freyr Guðmundsson
5 Ian Paul McShane
6 Einar Orri Einarsson
7 Jóhann Birnir Guðmundsson
8 Andri Steinn Birgisson
9 Guðmundur Steinarsson
10 Haukur Ingi Guðnason
11 Magnús Sverrir Þorsteinsson
12 Árni Freyr Ásgeirsson
15 Bojan Stefán Ljubicic
16 Brynjar Örn Guðmundsson
18 Magnús Þórir Matthíasson
20 Bjarni Hólm Aðalsteinsson
22 Magnús Þór Magnússon
23 Sigurbergur Elísson
24 Sigurður Gunnar Sævarsson
25 Hólmar Örn Rúnarsson
26 Ómar Karl Sigurðsson
27 Hörður Sveinsson
28 Kayleden Brown

Þjálfari: Willum Þór Þórsson
Aðstoðarþjálfari: Þór Hinriksson
Sjúkraþjálfari: Falur Daðason
Liðsstjórn: Rajko Stanicic, Ásdís Þorgilsdóttir, Jón Örvar Arason, Þórólfur Þorsteinsson, Björgvin Björgvinsson.

FYLKIR

2 Kristján Valdimarsson
3 Ásgeir Börkur Ásgeirsson
4 Valur Fannar Gíslason
5 Ólafur Ingi Stígsson
6 Þórir Hannesson
7 Ingimundur Níels Óskarsson
8 Andrés Már Jóhannesson
9 Jóhann Þórhallsson
10 Pape Mamadou Faye
11 Kjartan Ágúst Breiðdal
12 Andrew Bazi
14 Albert Brynjar Ingason
15 Baldur Bett
16 Tómas Þorsteinsson
17 Ásgeir Örn Arnþórsson
18 Fjalar Þorgeirsson
19 Oddur Ingi Guðmundsson
22 Andri Már Hermannsson
23 Einar Pétursson
24 Friðrik Ingi Þráinsson
30 Davíð Þór Ásbjörnsson

Þjálfari: Ólafur Þórðarson
Aðstoðarþj.: Kristinn Guðbrandsson

Dómari: Erlendur Eiríksson
Aðstoðardómari 1: Áskell Þór Gíslason
Aðstoðardómari 2: Sverrir G. Pálmarsson
Eftirlitsmaður KSÍ: Ingi Jónsson

**Næsti leikur hjá Keflavík**
**Þriðjudaginn 25. maí kl: 19:15**
**KR - Keflavík**

**Leikir í 3. umferð**
Valur - Breiðablik
FH - ÍBV
Selfoss - Haukar
Fram - Grindavík
Stjarnan - KR

HS ORKA HF
olís léttir þér lífið
Nesprýði
VÍS
DUUS Kaffi Duus

# STYÐJUM KEFLAVÍK

**ÞEGAR ÞÚ KAUPIR TÓLFPAKKA AF 0,5L COKE RENNA 120 KR AF HVERRI PAKKNINGU TIL KNATTSPYRNUDEILDAR KEFLAVÍKUR.**






KASKÓ

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

Samkaup strax

Gildir aðeins í eftirtöldum verslunum: Nettó Njarðvík, Kaskó Keflavík, Samkaup Strax; Háskólavöllum, Hólmgarði og Keflavík